

Aðalfundur Andvara haldin 18. nóv. 2010 kl. 20:00 í félagsheimili Andvara.

Formaður félagsins Pétur A. Maack setti fundinn og stakk upp á Matthíasi G. Péturssyni sem fundarstjóra og Halldóri H. Halldórssyni sem fundarritara.

Gengið var til dagskrár:

1. Formaður félagsins Pétur A. Maack veitir efnilegustu ungmennum félagsins verðlaun. Fyrir valinu urðu; efnilegasta stúlkan Ellen María Gunnarsdóttir og efnilegasti pilturinn Símon Orri Sævarsson. Þessir ungu knapar hafa verið dugleg í sinni ástundun hestamenskunnar, tekið þátt í hinum ýmsu mótum hjá Andvara og víðar og stundað útreiðar af kappi. Þá hafa þau einnig tekið þátt í félagsstörfum hjá Andvara og aðstoðað við mótahald og aðra viðburði hjá félaginu.
2. Formaður félagsins P.A.M. lýsir kjöri íþróttamanns Andvara fyrir árið 2010. Fyrir valinu var Ellen María Gunnarsdóttir, sú hin sama og valin var efnilegust ungmenna. Hún er því ekki bara efnileg, heldur orðin mjög frambærilegur hestaíþróttamaður. Helstu afrek Ellenar Maríu á keppnisvellingum 2010 eru þessi;
Keppnir og árangur hjá Andvara: Tók þátt í öllum vetrarleikum Andvara sigráði í tveimur og í öðru sæti á einum og var samanlagður sigurvegari. Tók þátt í þrígangsmóti Andvara og varð í öðru sæti. Tók þátt í Æskulýðsdegi Andvara og lenti í fyrsta og þriðja sæti. Tók þátt í Meistaramóti Andvara í tölti áhugamanna, efst eftir forkeppni og varð önnur í úrslitum og í b-úrslitum í fjórgangi en afskráði.
Keppnir og árangur utan Andvara: Tók þátt í Barkamótinu í tölti og sigráði sinn flokk. Tók þátt í Líflandsmótinu varð í fyrsta sæti í tölti og komst í b-úrslit í fjórgangi en afskráði. Tók þátt í Framhaldsskólamótinu og hafnaði í áttunda sæti. Tók þátt í Reykjavíkumeistaramótinu og varð þriðja. Tók þátt í Suðurlandsmótinu og varð þriðja.
Önnur afrek á árinu: Tók knapamerki nr. 4. auk þess var hún í tímum hjá Friðfinni Hilmarssyni. Tók þátt í sýningunni Æskan og hesturinn og hjálpaði til við hönnun og saumaskap búninganna sem notaðir voru í Æskan og hesturinn. Mætti á fræðslufund FT í Andvara þar sem Eyjólfur Líndal var með sýnikennslu. Var ritari á mótum hjá Andvara og hjálpaði til á Meistaramótinu. Tók þátt í hreinsunardegi Andvara. Ellen María stundaði hestamenskuna af krafti síðasta vetur þangað til hestapestin tók völdin. Í sumar og í haust var hún að hjálfa og temja sína eigin hesta og fjölskyldunnar eftir að pestin var í rénun. Einnig vann hún hjá Búnaðarsambandi Suðurlands sem ritari á kynbótasýningum.
3. Formaður félagsins P.A.M. flutti skýrslu stjórnar, en skýrsluna má lesa í heild sinni í ársskýrslu félagsins. Að loknum lestri skýrslu nefndi formaður að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku, hann væri búinn að vera s.l. fimm ár í stjórn Andvara og þar af tvö síðustu sem formaður og tími væri til að víkja fyrir öðrum.
4. Gjaldkeri Andvara Geirprúður Geirsdóttir kynnti ársreikninga félagsins. Helstu niðurstöður reikninga eru að hagnaður er af rekstri félagsins og er það ekki síst að þakka myndarlegum styrkjum frá Garðabæ á árinu.

5. Í umræðum um skýrslu stjórnar og reikninga spurði Þórdís Gylfadóttir um skammtímakröfur vegna Meistaramóts og Jón Ólafsson spurði út í kostnað vegna Landsmóts. Gjaldkeri Andvara G.G. skýrði hvoru tveggja. Aðrar fyrirspurnir bárust ekki vegna skýrslu og reikninga félagsins.
6. Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins voru borin undir atkvæði og voru hvoru tveggja samþykkt mótatkvæðalaust.
7. Kosning formanns og stjórnar. Fundarstjóri stýrði kjöri formanns og stjórnar. Eitt framboð kom til formanns, Ingibjörg G. Geirsdóttir gaf kost á sér og var hún sjálfkjörin formaður til næsta starfsárs. Til stjórnar skyldi kjósa tvo aðalmenn til tveggja ára og einn til eins árs. Íframboði til tveggja ára voru Geirþrúður Geirsdóttir og Sigfús A. Gunnarsson og voru þau sjálfkjörin. Til eins árs voru í framboði Jónas Friðbertsson og Hrafnhildur Pálsdóttir, Hrafnhildur hlaut kjör með meirihluta atkvæða. Kosning tveggja varamanna til eins árs, kost á sér í þau embætti gáfu Þórdís Gylfadóttir og Hulda Jóhannsdóttir og urðu þær sjálfkjörnar. Ein tilnefning var til skoðunarmanns reikninga, Lárus Finnbogason og var hann sjálfkjörin.
8. Í nefndir félagsins voru eftirfarandi tilnefnd:

Nefndir 2011	Nafn	Sími	Póstfang
--------------	------	------	----------

Mótanefnd:

Hulda Jóhannsdóttir	8685995	<a href="mailto:Hulda.J.<hulda08@gmail.com>">Hulda J <hulda08@gmail.com> ,
Ellen Gunnarsdóttir	6633115	ellmgun@verslo.is
Lárus Sindri Lárusson		
Þórunn Hannesdóttir	866 2415	thorunn.hannesdottir@gmail.com
Ingimar Jónsson	824 0220	
Rósa Ingibjörg Jónsdóttir	934 6869	rijorijo@gmail.com
Guðlaug Jóna Mattíasdóttir		
Ólafur Már Símonarsson	8668777	mstar12345@gmail.com
Nadia K. Banine	6925002	nadiakban@hotmail.com
Stella Björg Kristinsdóttir	8258205	stella@marel.is
Pálína Vagnsdóttir	848-6019	pava@simnet.is

Æskulýðsnefnd:

Hrafnhildur Pálsdóttir	695 2391	hrafnpal@hjsk.kopavogur.is
Haraldur Pétursson	8955714	hap@applicon.is
Hulda Rúriksdóttir	897 4478	hulda@borgarlogmenn.is
Guðrún Helga Jóhannsdóttir	8213478	gudrunv@hi.is
Lárus Finnbogason		
Sigurður Ólafsson	822 8440	sigurdurhelgi@gmail.com
Sævar Guðbergsson	856 6482	saevar.gudbergsson@arionbanki.is
Ásrún Óladóttir	8947588	asrunola@gmail.com
Sigríður Óladóttir	8625969	sirrola@gmail.com
Rósa Kristinsdóttir		

Umhverfisnefnd:

Jón Gíslason	8227807	jon@husdyragardur.is
Gunnar Már Þórðarsson	8934425	undraland10@simnet.is

Fræðslunefnd:

Pórdís Gylfadóttir		disa@isi.is
Frímann Ólafsson	8918147	friman@simnet.is
Brynja Viðarsdóttir	6601810	brynjav@btnet.is

Skemmtinefnd:

Helena Ómarsdóttir		helena.omarsdottir@arionbanki.is
Nadia K. Banine	6925002	nadiakban@hotmail.com
Stella Björg Kristinsdóttir	8258205	stella@marel.is

Uppstillingarnefnd:

Oddur Hafsteinsson	8622008	oddur@thekking.is
Matthías G. Pétursson	8922184	matti@vis.is
Þorvaldur Sigurðsson	8939779	valdi@inter.is
Pétur A. Maack	8224572	pam1@simnet.is

Heimasíða:

Jón Ágúst Pétursson	770-2020	jap@cubeproperties.com
Geirþrúður Geirsdóttir	8206408	geirthrudur.geirsdottir@landsbanki.is
Oddur Hafsteinsson	8622008	oddur@thekking.is

Reiðveganefnd:

Halldór Halldórsson	8928678	bilamalunh@simnet.is
Guðjón Gunnarsson	6964995	gudjon@iss.is
Þorvaldur Sigurðsson	8939779	valdi@inter.is

Golur:

Gréta Boða ?

Vallarnefnd:

Sveinn Gaukur Jónsson	8672700	gaukurinn@simnet.is
Kristinn Hugason	8919879	kristinn.hugason@slr.stjr.is

Firmanefnd:

Unnar Björn Jónsson	693-4269	ubj@iav.is
Gestur Magnússon	660-1818	gestur@vagnar.is

Meistaramótsnefnd:

Gunnar Már Þórðarson	8934425	undraland10@simnet.is
Þorvaldur Sigurðsson	8939779	valdi@inter.is
Þorsteinn Pálsson	8941451	steinip@ir.is
Guðjón Tómasson	6937605	siba@mmedia.is
Viggó Sigursteinsson	8425066	
Pórdís Anna Gylfsdóttir	8687432	thag@simnet.is

Ferðanefnd:

Þorsteinn Pálsson	8941451	steinip@ir.is
Halldór Halldórsson	8928678	bilamalunh@simnet.is

Skipan í Golur var vísað til stjórnar, Gréta Boða gefur kost á sér fá hún einhverjar góðar með sér.

9. **Árgjald;** tillaga var frá stjórn um að árgjald yrði óbreytt fyrir 2011, nokkur umræða var um félagsgjöldin sem endaði með því að tillaga frá Sævari Gunnarssyni var samþykkt. Börn 16 ára og yngri frítt árgjald, 17 – 21 árs 3.500 kr. 21 – 69 ára 7.000 kr. Hjónagjald 5.750 á hvorn aðila.
10. **Önnur mál;** fyrirspurn kom úr sal um lýsingu við hringgerðin og að henni væri ábótavant, einnig á Kjóavallahringnum sérstaklega að sunnanverðu. Í svari formanns kom fram að ekki hafi verið rætt við Garðabæ um frekari lýsingu á svæðinu. Kristinn Hugason lofaði það átak sem gert hafði verið til febrúar og bætingu aðstöðu á svæðinu. Þá lofaði hann fráfarandi formann sem mikinn félagsmálamann þó hann væri kannski ekki endilega í fremstu röð sem hestamaður þá væri hitt ekki af honum tekið. Kristinn kvaðst sammála um að lýsingin á svæðinu væri miklum mun verri við tamninga- og hringgerðin eftir að skipt hafði verið um lýsingu, eiginlega alveg ómöguleg og að úr yrði að bæta sem fyrst. Halldór H. Halldórsson þakkaði fráfarandi stjórn góð störf og fráfarandi formanni ánægjulegt samstarf þá óskaði hann nýrri sjórn velfarnaðar. Hann beindi því til nýrrar stjórnar að láta það verða eitt af fyrstu verkum sínum að hefja viðræður við Garðabæ og Kópavog um úrbætur á Kjóavöllum í reiðvegamálaum. Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi Kjóavalla skulu aðalreiðvegir vera 6 mtr. á breidd og aðrir reiðvegir 4 mtr. í dag eru reiðvegir á Kjóavöllum 2,5 – 3 mtr. á breidd og anna ekki þeirri miklu hestaumferð sem er að verða á svæðinu með tilkomu Gusts á Kjóavelli. Ingibjörg G. Geirsdóttir þakkaði stuðning við sig.
11. Fleira ekki gert, fundarstjóri Matthías G. Pétursson slítur fundi um kl. 21:45 fundarmenn 42.